


# Borgarhluti 3 - Hlíðar


## Háteigshverfi 3.1

### HVERFISSKIPULAG



Greinargerð og  
Skipulagsskilmálar Drög

1. apríl 2014



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Dags.: 1.apríl 2014

Unnið af:

Ráðgjafahópur Borgarhluta 3

Ráðgjafi 1: Helga Bragadóttir arkitekt FAÍ, Kanon arkitektar

Ráðgjafi 2: Sigríður Magnúsdóttir arkitekt FAÍ, Teiknistofan Tröð

Ráðgjafi 3: Stefán G. Thors umhverfishagfræðingur, VSÓ Ráðgjöf

Verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar:

Guðlaug Erna Jónsdóttir

Hildur Gunnarsdóttir

Kristinn Jón Eysteinsson

## Efnisyfirlit

<b>1 SAMÞYKKTIR OG BREYTINGAR .....</b>	<b>5</b>
1.1 Samþykktir .....	5
1.2 Breytingar .....	5
<b>2 ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....</b>	<b>6</b>
2.1 Tildrög, tilgangur og markmið hverfisskipulagsvinnunnar .....	6
2.2 Skipulagslegar forsendur borgarhlutans .....	6
2.3 Gögn skipulagsáætlunarinnar .....	6
<b>3 BORGARHLUTI 3 - GREINING OG LÝSING.....</b>	<b>7</b>
3.1 Borgarhluti 3 .....	7
3.1.1 Tilurð og saga byggðarinnar .....	7
3.1.2 Landslag og sérkenni .....	7
3.1.3 Samgöngur og gatnakerfi .....	7
3.1.4 Fornleifar og menningarminjar .....	7
3.1.5 Veðurfar .....	7
3.2 Skipting Borgarhluta 3 í hverfi.....	7
3.3 Þróunarsvæði, uppbyggingarsvæði, græn svæði og atvinnusvæði .....	7
<b>4 BORGARHLUTI 3 – HVERFISSKIPULAG .....</b>	<b>8</b>
4.1 Skipulagslegar forsendur .....	8
4.2 Lýsing – forsendur - staðhættir .....	8
4.2.1 Byggðamynstur / yfirbragð byggðar / húsagerðir .....	8
4.2.2 Byggðakönnun – helstu niðurstöður .....	11
4.2.3 Samgöngur .....	14
4.2.4 Göngu- og hjólastígar .....	14
4.2.5 Gróður og græn svæði .....	14
4.2.6 Sorpflokkun - grendargámar .....	14
4.2.7 Menntastofnanir, leiksvæði og íþróttahús við skóla .....	14
4.2.8 Slysagreining .....	14
4.2.9 Matvöruverslanir .....	14
4.2.10 Þjónusta .....	14
4.2.11 Afþreying .....	14
4.2.12 Gistirými .....	14
4.3 Helstu niðurstöður gátlista - mat á visthæfi .....	15
4.3.1 Samfélag .....	15
4.3.2 Gæði byggðar .....	15
4.3.3 Samgöngur .....	15
4.3.4 Vistkerfi og minjar .....	15
4.3.5 Orka og auðlindir .....	15
4.3.6 Mannvirki .....	15
4.3.7 Náttúrvá .....	15
4.4 Samráð um áherslur .....	15
4.4.1 Samráðsfundir .....	15
4.4.2 Megin áherslur .....	15
<b>5 ALMENNIR SKIPULAGSSKILMÁLAR .....</b>	<b>16</b>
5.1 Hönnun mannvirkja og uppdrættir .....	16
5.2 Mæliblöð og hæðarbloð .....	16
5.3 Byggingarreitir/nýtingarhlutfall .....	16
5.4 Almennar heimildir fyrir hverfið .....	16

<b>6 PRÓUN OG UPPBYGGING BORGARHLUTA 3 .....</b>	<b>17</b>
6.1 Framtíðarsýn hverfisins/borgarhlutans .....	17
6.2 Þróunarsvæði .....	17
6.2.1 Stefnumörkun AR2010-2030 fyrir þróunarsvæði .....	17
6.2.2 Tillaga að nýjum þróunarsvæðum, 1.-11. á korti.....	18
6.2.3 Aðalgötur - borgargötur.....	18
6.2.4 Tillaga að nýjum borgargötum í borgarhlutanum .....	18
6.2.5 Fjölgun íbúða .....	19
6.2.6 Samsett kort sem sýnir þróunarsvæði og borgargötur.....	19
6.3 Atvinnusvæði .....	19
6.4 Græn svæði / útvistarsvæði / íþróttasvæði .....	19
<b>7 BORGARHLUTI 3.....</b>	<b>20</b>
7.1 Lýsing - skipulagslegar – forsendur .....	20
7.2 Almennir skilmálar – tillaga .....	20
7.3 Dæmi um skilmálablað .....	21
7.4 Sérskilmálar .....	22
7.4.1 Hverfiseining Aa (Norðurmýri).....	22
7.4.2 Hverfiseining Ab (Rauðarárholt).....	23
7.4.3 Hverfiseining Ad (Hlíðar).....	23
7.4.4 Hverfiseining Ae (Nóatún/Skipholt) .....	24
7.4.5 Hverfiseining Ba (Hjálmholt/Vatnsholt) .....	24
7.4.6 Hverfiseining Ca, B og C (Rauðarárstígur/Pverholt) .....	24
7.4.7 Hverfiseining Dc (Skipholt/Laugavegur).....	24

# 1 Samþykktir og breytingar

(SKIPULAGSVIÐ)

## 1.1 Samþykktir

Auglýst breyting á gildandi deiliskipulagi sem er auglýst, þ.e. veruleg breyting:

Deiliskipagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43.  
gr. skipulagslaða nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann  
\_\_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann  
\_\_\_\_\_ 20\_\_.

## 1.2 Breytingar

Verði um breytingar á skilmálum þessum að ræða verður þeirra getið í þessum kafla.  
Fyrsta útgáfa sem auglýst er til kynningar er merkt 0.0, næsta útgáfa sem gefin er út  
samhliða gildistöku verður merkt 0.1 og þar verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem  
kunna hafa átt sér stað síðan tillagan var auglýst. Síðari breytingar sem gerðar verða á  
skipulagsskilmálum, verður getið í þeirri röð sem þær verða afgreiddar í skipulags- og  
byggingarráðs. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer.

## 2 Almennar upplýsingar


### 2.1 Tildróg, tilgangur og markmið hverfisskipulagsvinnunnar

Reykjavíkurborg er skipt upp í 10 stjórnsýslueiningar eða borgarhluta. Innan hvers borgarhluta eru mismörg „hverfi“ og verður hverfisskipulag unnið fyrir hvert einstakt hverfi á grunni kafla um Skipulag borgarhluta í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þar sem sett eru fram leiðbeinandi markmið um þróun og uppbyggingu hvers borgarhluta. Hverfisskipulagið er unnið á grunni stefnumótunar sem sett er fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og sérstaklega stefnu um Skipulag vistvæna hverfa. Þar er lagður grunnur að því markmiði borgaryfirvalda að öll hverfi borgarinnar þróist og byggist upp á sjálfbærum forsendum þar sem áherslur grundvallist m.a. á samfélagslegum forsendum, gæðum hins manngerða umhverfis, vistvænum samgöngum, orkusparnaði og aðgengi að þjónustu og verslun í heimabyggð, verndun náttúrulegra gæða og hverfisanda.

Viðfangsefni og áherslur hverfisskipulagsins er í meginatriðum tvíþætt:

- Samræming á gildandi skipulags- og byggingarskilmálum/heimildum
- Uppbygging og þróun hverfa borgarinnar á vistvænum forsendum

### 2.2 Skipulagslegar forsendur borgarhlutans




Sjá kafla 2

### 2.3 Gögn skipulagsáætlunarinnar

Hverfisskipulagsáætlunin er sett fram í greinargerð þessari ásamt skipulagsupprætti og ýmsum skýringarmyndum, s.s. af xx xx. Skipulagsupprættur er í mælikvarða 1:xxx, dags. xx.xx.xx, þar sem settir eru fram helstu þættir skipulagsins.

### 3 Borgarhluti 3 - greining og lýsing

#### HVERFISSKIPULAG - AFMÖRKUN HVERFA OG HVERFISEININGA BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR



Sjá kafla 2



#### 3.1 Borgarhluti 3


- 3.1.1 Tilurð og saga byggðarinnar
- 3.1.2 Landslag og sérkenni
- 3.1.3 Samgöngur og gatnakerfi
- 3.1.4 Fornleifar og menningarminjar
- 3.1.5 Veðurfar

#### 3.2 Skipting Borgarhluta 3 í hverfi

#### 3.3 Þróunarsvæði, uppbyggingarsvæði, græn svæði og atvinnusvæði

## 4 Borgarhluti 3 – hverfisskipulag

### HVERFISSKIPULAG - NÚVERANDI SKILMÁLAR OG HEIMILDIR BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR



Sjá kafla 2

#### 4.1 Skipulagslegar forsendur

#### 4.2 Lýsing – forsendur - staðhættir

##### 4.2.1 Byggðamynstur / yfirbragð byggðar / húsagerðir

###### Hlemmur

“Á mótum Rauðarárstígs, Hverfisgötu og Lauga- vegar er svokallað Hlemmtorg sem í daglegu tali kallast Hlemmur. Þar rann Rauðará (Rauðarár- lækur) til sjávar. Á ofanverðri 19. öld var gerð brú yfir lækinn til að greiða fyrir umferð en ekki þótti hún merkileg og var því jafnan nefnd Hlemmur. Mikilvægi svæðisins í kringum Hlemm jókst til muna eftir því sem byggð þokaðist austur á böginn og umferðaþbunginn varð meiri. Fyrsti víslir að torgi kom eftir 1930 og tengist það því að árið 1931 var leið númer 1 hjá Strætisvögnum Reykjavíkur með endastöð við vatnspróna hjá Hlemmi.”

Gunnlaugur Halldórsson arkitekt átti ríkan þátt í að móta ásýnd Snorrabrautar við Hlemm. Hann hannaði samræmt útlit þriggja stórhýsa á lóðunum við Laugaveg 114-118, undir áhrifum frá nýjum alþjóðlegum straumum í byggingarlist, módernismanum.



Loftmynd af Norðurmýri og Klambratúnir frá 1946.  
Ljósmyndari Sigurhans E Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

### Norðurmýri

“Norðurmýrin byggist upp á árunum 1936-1944 eftir teikningum Einar Sveinssonar arkitekts og húsa- meistara Reykjavíkur og Valgeirs Björnssonar bæjarverkfræðings. Hverfið er þéttbyggt og stærð húsanna dæmigerð fyrir þennan tíma.” “Skipulag hverfisins fylgir þeiri hugmyndafræði sem var allsráðandi á þessum tíma þar sem áhersla var á að garðar húsanna nytu sem best sólar. Því eru húsin norðan megin við göturnar dregnar inn frá gótu og með garð fyrir framan húsin og húsin sunnan megin gótu hafa aðgang að garði bak við húsið. Flest húsanna eru byggð í funkisstíl, steinuð að utan þar sem valmáþakið klætt bárujárni ljáir hverfinu lit.”

### Rauðarárholt

“Íbúðarbyggð tók að rísa á Rauðarárholtinu á heims- styrjaldarárunum síðari, en þá var húsnæðisskortur mikill í kjölfar fólksflutninga til bæjarins. Árið 1939 gerði Einar Sveinsson skipulagsuppdrætti að hverfi verkamannabústaða á Rauðarárholti og í kjölfarið hóf Byggingarfélag verkamanna í Reykja- vík byggingu verkamannabústaða...” “Alls byggði félagið þarna um 60 hús með 244 íbúðum og náði þar því markmiði sínu að bæta úr brýnni húsnæðis- þörf yfir 200 fjölskyldna, sem áður bjuggu í heilsu- spillandi og ófullnægjandi íbúðum. Innan grein- ingarsvæðisins er rekin leikskólinn Nóaborg.”



Uppdráttur Einars Sveinssonar og Þórss Sandholts af skipulagi í Rauðarárholti frá 1948.

“Á austanverðu Rauðarárholti er byggðin samsett af opinberum byggingum og íbúðabyggð. Við Hjálms- holt, Vatnsholt og Skipholt eru flest íbúðahússanna byggð á árunum 1956-1966. Flest húsanna eru tví- lyft steinsteypt, oft á tíðum 2-3 bíli, eða sem kalla mætti minni fjölbýlishús.”

“Húsin við Flókagötu og Háteigsveg risu flest á 5. og 6. áratug 20. aldar. Flest eru húsin steinsteypt og tvilyft, oft á tíðum er um að ræða tví- og þríbýli, eða það sem kalla mætti minni fjölbýlishús. Elsta húsið við Háteigsveg er reist árið 1921 og kallast Háteigur og er eitt af gömlu erfðafestubýlunum sem finna má í borgarhlutanum.”

### Klambratún

Á mörkum hverfishlutanna Norðurmýrar, Holta og Hlíða er almenningssgarðurinn Klambratún sem áður hét Miklatún. Á fyrri hluta 20. aldar tilheyrdi svæðið að stórum hluta býlunum Klömbrum, Há- teigi og Sunnuhvoli. Á Klömbrum var búið allt fram til ársins 1963 og bæjarhúsin voru ekki rifin fyrr en 1965.



Bærinn Klambrar um 1945.  
Ljósmyndari Vigfús Sigurgeirsson.

Vorið 1957 blés bæjarráð Reykjavíkur til hugmyndasamkeppni um skipulag á Klambratúni. Það var þó ekki fyrr en nokkrum árum seinna eða 1964 sem samþykktur var nýr skipulagsuppráttur að skrúðgarði á Klambratúni sem Reynir Villjálms-son, sem pá var nýútskrifaður landslagsarkitekt, vann að í samstarfi við Hafliða Jónsson garðyrkjurstjóra Reykjavíkur, en Reynir hafði átt eina af þeim þremur tillögum sem verðlaunaðar voru 1957. Árið 1965 samþykkti borgarráð að gangast fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna sem staðsett skyldi á Miklatúni. Þá voru einnig samþykktir upprættir Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts að húsinu, sem var skipulagt sem tvær aðalbyggingar með tengibyggingu. Var önnur aðalbyggingin sérstaklega ætluð til sýningar verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara og skyldi byggingin tengd nafni hans.



Loftmynd af Hlíðahverfi 1955.  
Óþekktur ljósmyndari. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

## 4.2.2 Byggðakönnun – helstu niðurstöður

### Hlemmur.

Njálsgata, Snorrabraut, Laugavegur og Rauðarárstígur.

Í gildi varðveislumat í eftirfarandi húsakönnun:

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir:

Húsakönnun. Snorrabraut, Hverfisgata, Rauðarár- stígur og Laugavegur. Reykjavík 2004.

### Varðveislumat 2013

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir—rauður flokkur

Laugavegur 105 - Reist 1926. Húsið reist í áföngum á árunum 1926-1947. Hönnuður

Einar Erlendsson arkitekt og Guðmund H. Þorláksson byggingameistara. Kennileiti í umhverfinu. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og við- bygginga.

**Hlemmur.** Njálsgata, Snorrabraut, Laugavegur og Rauðarárstígur.

Í gildi varðveislumat í eftir- farandi húsakönnunum:

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir:

Húsakönnun. Snorrabraut, Grettisgata, Rauðarár- stígur, Njálsgata. Reykjavík 2004.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnars- dóttir og Pétur H. Ármannson:

Húsakönnun. Grettisgata, Snorrabraut, Laugavegur og Rauðar- árstígur. Reykjavík 2005.

### Varðveislumat 2013

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir—rauður flokkur.

Grettisgata 90-98 - Reist 1949-1952. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson.

Laugavegur 114 - Reist 1953. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt.

Hluti af samfelldri og heildstæðri húsaröð við Laugaveg og Snorrabraut.

Laugavegur 116 - Reist 1948. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt.

Hluti af samfelldri og heildstæðri húsaröð við Laugaveg og Snorrabraut.

Laugavegur 118 - Reist 1945. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt.

Hluti af samfelldri og heildstæðri húsaröð við Laugaveg og Snorrabraut.

Snorrabraut 33 - Reist 1940. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.

Hluti af samfelldri húsa- röð við Snorrabraut.

Snorrabraut 33a - Reist 1940. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.

Hluti af samfelldri húsa- röð við Snorrabraut.

Snorrabraut 35 - Reist 1946. Hönnuður Sigvaldi Thordarson o.fl.

Hluti af samfelldri húsaröð við Snorrabraut.

Snorrabraut 37 - Austurbæjarbíó. Reist 1945. Hönnuðir Hörður Bjarnason, Águst Steingrímsson og Gunnlaugur Pálsson. Kennileiti.

Hannað sérstak- lega fyrir tónlistarflutning.

## Norðurmýri.

Auðarstræti, Gunnarsbraut, Bollagata, Hrefnugata, Skeggjagata, Mánagata, Vífilsgrá, Karlagata og Njálsgata.

### Varðveislumat 2013

#### Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd — gulur flokkur

Hverfisverndun í Norðurmýri og við verkamannabústaði í Rauðaráholti, í samræmi við hverfakort frá 1992. Tillaga að byggðarmynstursverndun í Vestur-Hlíðum. Einnig tillaga að verndun götumynda og mannvirkja og friðlysingu bygginga.

Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa frá 1936-1944. Reist samkvæmt skipulaguppdrætti frá 1936 undirrituðum af Einari Sveinssyni og Valgeiri Björnssyni. Skipulag Einars og Valgeirs er brautryðjendaverk í skipulagssögu Reykjavíkur en þá var í fyrsta sinn skipulagt heilt hverfi með fyrirfram ákveðinni útkomu í huga. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði byggðarinnar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikil umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

## Holt.

Einholt, Skipholt, Nóatún, Háteigsvegur, Meðalholt, Valholt, Stórholt og Stangarholt.

### Varðveislumat 2013

#### Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd — gulur flokkur

Einholt – Skipholt – Nóatún – Háteigsvegur

Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa frá 1939-1954. Reist samkvæmt skipulaguppdrætti frá 1939 undirrituðum af Einari Sveinssyni.

Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði byggðarinnar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikil umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

**Holt.** Rauðarárstígur, Háteigsvegur, Einholt, Skipholt, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut, Laugavegur, Þverholt, Stórholt, Mjölnisholt, Stakkholt, Ásholt, Brautarholt, Stúfholt, Traðarholt og Bolholt.

### Varðveislumat 2013

Svæðið einkennist af tví- og þrílyftu iðnaðar- og atvinnuhúsnaði en inni á milli er íbúðabyggð einkum við Laugaveg næst Hlemmi, Ásholt og Skipholt.

### Einstök hús, húsaraðir og götumyndir—rauður flokkur

Laugavegur 162 - Þjóðskjalasafn Íslands. Reist 1945 fyrir Mjólkursamsöluna í Reykjavík.  
Hönnuður Þórir Baldvinsson arkitekt. Kennileiti. Hluti af iðnaðarsögu Reykjavíkur.

Laugavegur 180 – Bensínstöð. Reist 1949.  
Hönnuður Þór Sandholt arkitekt. Kennileiti.

Rauðarárstígur 25 - Utanríkisráðuneytið. Reist 1980.  
Hönnuður Helgi Hjálmarsson arkitekt. Gott dæmi höfundaverk.

**Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd gulur flokkur**  
Laugavegur - Mjölnisholt - Stakkholt - Þverholt  
Heilleg og vel varðveitt, samfelld húsaröð frá 3. áratugnum. Byggðin endurspeglar merkar skipu- lagshugmyndir 3. áratugarins. Sýna þarf sérstaka aðgát við breytingar.

### Holt.

Nóatún, Háteigsvegur, Stakkahlíð, Bólstaðarhlíð, Skipholt, Vatnsholt og Hjálmholt.

### Varðveislumat 2013

Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og sam- stæðra íbúðarhúsa frá 1956-1966 ásamt opinberum byggingum.

### Friðlýst hús og mannvirki - blár flokkur

Háteigsvegur 35 - Sjómannaskólinn/Fjöltækniskóli Íslands. Reist 1942-1945. Hönnuðir Sigurður Guð- mundsson og Eiríkur Einarsson arkitektar. Síðasta stórvirki steinsteypuklassíkur á Íslandi.

### Einstök hús, húsaraðir og götumyndir - rauður flokkur

Háteigsvegur 56 - Kirkja Óháða safnaðarins. Reist 1950-1959.  
Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt. Ein af fyrstu óhefðbundinna kirkjubygginga á Íslandi.

Háteigsvegur 43 - Vatnsgeymar. Eldri geymirinn reistur árið 1915 en sá yngri árið 1930.  
Tengist sögu vatnsveitu og brunavarna í Reykjavík.

**Holt.** Kringlumýrarbraut, Miklabraut, Langahlíð, Flókagata, Rauðarárstígur, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð, Háaleitisbraut, Skaftahlíð, Stakkahlíð og Úthlíð.

### Varðveislumat 2013

Byggðin einkennist af tví-og þrílyftum stakstæðum íbúðarhúsum í svipuðum stíl.

### Einstök hús, húsaraðir og götumyndir—rauður flokkur

Bólstaðarhlíð 20 - Ísaksskóli. Reist 1954.  
Hönnuður Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson arkitektar.

Háteigsvegur 36 - Háteigur. Reist 1921.  
Hönnuður ókunnur. Erfðafestubýli.

Skaftahlíð 12-22 - Reist 1955. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt.  
Mikilvægt höfundarverk.

Langahlíð 7-11 - Reist 1947-1949.  
Hönnuðir Árni Hoff Möller og Þórir Baldvinsson. Kennileiti í umhverfinu.

Langahlíð 13-17 - Reist 1949. Hönnuðir Árni Hoff Möller og Þórir Baldvinsson.  
Kennileiti í umhverfinu.

Langahlíð 19-25 - Reist 1947-1949. Hönnuðir Einar Sveinsson og Gunnar H. Ólafsson.  
Kennileiti. Stærstu fjölbýlishús landsins á sínum tíma.

## Klambratún

### Varðveislumat 2013

#### Einstök hús, húsaraðir og götumyndir—rauður flokkur

Flókagata 24 - Kjarvalsstaðir. Reist 1968-1973. Hönnuður Hannes Kr. Davíðsson arkitekt.  
Merk opinber bygging. Ein af fyrstu byggingum hérlandis sem hönnuð er sérstaklega fyrir  
listasafn.

Háteigsvegur 36 - Háteigur. Reist 1921. Hönnuður ókunnur. Erfðafestubýli.

#### 4.2.3 Samgöngur

#### 4.2.4 Göngu- og hjólastígar

#### 4.2.5 Gróður og græn svæði

#### 4.2.6 Sorpflokkun - grendargámar

#### 4.2.7 Menntastofnanir, leiksvæði og íþróttahús við skóla

#### 4.2.8 Slysagreining

#### 4.2.9 Matvöruverslanir

#### 4.2.10 Þjónusta

#### 4.2.11 Afþreying

#### 4.2.12 Gistirými

## 4.3 Helstu niðurstöður gátlista - mat á visthæfi

Sjá kafla 2.4

### 4.3.1 Samfélag

### 4.3.2 Gæði byggðar

### 4.3.3 Samgöngur

### 4.3.4 Vistkerfi og minjar

### 4.3.5 Orka og auðlindir

### 4.3.6 Mannvirki

### 4.3.7 Náttúrvá


## 4.4 Samráð um áherslur

### 4.4.1 Samráðsfundir

### 4.4.2 Megin áherslur

## 5 Almennir skipulagsskilmálar

### HVERFISSKIPULAG - NÚVERANDI SKILMÁLAR OG HEIMILDIR BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR



#### 5.1 Hönnun mannvirkja og upprættir

#### 5.2 Mæliblöð og hæðarbloð

#### 5.3 Byggingarreitir/nýtingarhlutfall

#### 5.4 Almennar heimildir fyrir hverfið

Hverfiseiningar, innbyrðis aðgreind svæði í hverfi, t.d. Norðurmýri og Rauðarárholt í Háteigshverfi (3.1). Í Hlíðahverfi (3.2) eru Hlíðar sunnan Miklubrautar, Stigahlíð og Suðurhlíðar. Hverfiseiningar skilgreinast af heildaryfirbragði og uppbyggingartíma s.s. Norðurmýri og Suðurhlíðar.

Skilmálar hverfiseininga munu skarast á mismunandi hátt þvert á hverfi, þ.e. sömu skipulagslegu/byggingartæknilegu/arkitektónísku skilmálar geta gilt fyrir hverfiseiningar/hluta sem eru í sitt hvoru hverfinu (og þess vegna öðrum borgarhlutum, s.s. Melum eða Teigum). T.d. mögulega fyrir Hlíðar norðan Miklubrautar og Hlíðar sunnan Miklubrautar annars vegar og Hjálmholt/Vatnsholt og Grænuhlíð/Stigahlíð eða Skógarhlíð og Skipholt hins vegar.

#### Skilmálar

Sett verða upp skilmálablöð fyrir hverja hverfiseiningu, eftir skilgreiningu, þar sem greint er stuttlega frá helstu séreinkennum hverfiseiningarinnar og síðan eru markmið og skipulagsákvæði sett fram í 18 liðum. Skipulagsmarkmiðin má síðan endurskoða reglulega t.d. í tengslum við aðalskipulagsendurskoðun. Í ákvæðunum er m.a. fjallað um yfibragð byggðar, þéttleika, leyfða landnotkun, húshæðir, akstursstefnur o.fl.

## 6 Þróun og uppbygging Borgarhluta 3

### HVERFISSKIPULAG - FRUMTILLAGA - FRAMTIÐARSÝN BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR



### 6.1 Framtíðarsýn hverfisins/borgarhlutans

Sjá kafla 6.1

### 6.2 Þróunarsvæði

Stór hluti borgarhlutanns er skilgreindur sem þróunarsvæði í AR2010-2030.

Sjá kafla 2.2.2

#### 6.2.1 Stefnumörkun AR2010-2030 fyrir þróunarsvæði

Merkt þ14-þ23 á korti, tillaga er gerð að breytinum á nokkrum þeirra.

Eftirfarandi texti úrdráttur frá AR2010-2030 tillaga júlí 2013, Borgarhluti 3, bls 248-249.

**þ30. Hlemmur. Miðborg.** Verslunarsvæði í miðborg.

**þ31. Holt-Laugavegur. Miðsvæði.** Fyrst og fremst rýmisfrekar smásöluverslanir, skrifstofur, stofnanir, ýmis ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki, hönnunarfyrtæki og handverk, hótöl og veitingastaðir. Þar sem aðstæður leyfa er íbúðarhúsnæði heimilt, einkum á efri hæðum bygginga. Gert er ráð fyrir all nokkurri þéttingu byggðar á svæðinu, ekki í síst í því skyni að skapa heildstæðari götumyndir. Einkum er gert ráð fyrir aukningu íbúðarhúsnæðis eða 250 til 300 íbúðum

**þ32. Tækni-skólinn, Háteigskirkja.** Á svæðinu er gert ráð fyrir blöndu stofnana, þjónustu og íbúðarhúsnæðis fyrir nemendur. Möguleg aukning byggingarmagns er einkum á lóð Tækni-skólangs.

**b33. Háskóli Íslands.** Menntavísindasvið. Á svæðinu eru gert ráð fyrir háskólastarfsemi, rannsóknastofnunum, þekkingarfyrirtækjum og íbúðarhúsnaði fyrir nemendur. Innan svæðisins er einnig að finna grunnskólastofnanir. Gert er ráð fyrir aukningu í byggingarmagns í samræmi við þarfir og þróun háskólans og grunnskóla á svæðinu. Á svæði næst Bólstaðarhlíð, innan núverandi lóðar, er gert ráð fyrir íbúðum eldri borgara.

**\*b36. Einholt-þverholt.** Íbúðarhúsnaði með möguleika á verslun og þjónustu á jarðhæðum. Gert ráð fyrir 250 íbúðum. Áhersla á samfellda byggð með 4-6 hæða byggingum.

\*Samþykkt uppbygging í aðalskipulagi 2001-2024 og/eða deiliskipulagi  
(Það liggur fyrir samþykkt deiliskipulag og uppbygging hafin skv. þeim áformum.)

**b37. Ásholt.** Íbúðarhúsnaði með möguleika á verslun og þjónustu á jarðhæð. Gert ráð fyrir 100 nemendaíbúðum. Randbyggð með 3-5 hæða byggingum.

### 6.2.2 Tillaga að nýjum þróunarsvæðum, 1.-11. á korti

#### 1. Klambratún

Skilgreint sem borgargarður í aðalskipulagi. Stefnt að aðgerðum í samræmi við áherslur á mörgum samráðsfundum og þarfagreiningu.

Uppbygging þjónustu/aðstöðu í tengslum við útvistarsvæðið, einkum nyrst í garðinum. Nefna má félagsmiðstöð umgmenna, útvíkuð "skólalóð" Háteigsskóla og þjónustumiðstöð Hlíða.

#### 2. Gatnamót Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur

Endurskoðun mislægra gatnamóta Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur er nauðsynleg til samræmis við stefnu AR2010-2030 um borgarvæðingu stofn- og tengibrauta, sem randbyggð við breiðgötur og í samhengi við umferðaöryggi og aðgengi allra vegfarenda og uppbyggingu í Vatnsmýri.

### 6.2.3 Aðalgötur - borgargötur

Sjá 6.2.2

### 6.2.4 Tillaga að nýjum borgargötum í borgarhlutanum

#### Flókagata frá Snorrabraut að Rauðarársstíg

Framlenging og tenging við borgargötur sem eru skilgreindar í rammahluta AR2010-2030.

#### Miklabraut frá Stakkahlíð að Kringlumýrarbraut

Tillaga að því að borgargatan endi við gatnamót Miklabrautar og Kringlumýrarbrautar. Framlenging og tenging við borgargötur sem eru skilgreindar í rammahluta AR2010-2030.

Lögð fram tillaga að uppbyggingu við Miklabraut milli Kringlumýrarbrautar og Stakkahlíðar. Markmið er að bæta umhverfi með því að draga úr umferðarhraða á Miklabraut. Rannsóknir sem Verkfræðistofan Mannvit gerði í tengslum við rannsóknarverkefnið Betri Borgarbragur sýndu að lækkun umferðarhraða á Miklabraut úr 60km/klst í 50km/klst hafi ekki áhrif á afkastagetu, en auki umferðaröryggi, lækki hávaða og dragi úr loftmengun. Uppbygging verði við götuna; Íbúðir á efri hæðum og verslun og þjónusta á jarðhæðum sem nýtist m.a. hverfum í kring.

## 6.2.5 Fjölgun íbúða

Fjölgun íbúða í hverfinu þarf að skoðast í samhengi við aldursamsetningu íbúa og áhrif á þjónustu og aðstöðu í grunnskólum.

Fjöldi íbúða		Börn á grunnskólaaldri		
Háteigshverfi	Reitur	Háteigshverfi	Reitur	Börn á grunnskólaaldri
			45	83
			46	55
			48	0
			49	30
			50	165
	<b>Samtals</b>	<b>2417</b>	<b>Samtals</b>	<b>333</b>
				<b>Samtals börn</b>
				<b>501</b>


\*Gögn fengin frá Borgarvefsjá Október 2013

(Ath vantar fjöldann sem er á reitnum milli Njálsgötu, Rauðarárstígs, Hverfisgötu og Snorrabraut.)

### Háteigshverfi

Núverandi fjöldi íbúða í hverfinu er um 2417 skv. upplýsingum úr Borgarvefsjá október 2013. Fjölgun íbúða í Háteigshverfi á skipulagstímabilinu, AR 2010-2030, er 600-650. Eftir er að taka fjölgun íbúða á minni reitum inn í þessa tölu og á nýjum skilgreindum þróunarsvæðum.

## 6.2.6 Samsett kort sem sýnir þróunarsvæði og borgargötur



## 6.3 Atvinnusvæði

## 6.4 Græn svæði / útvistarsvæði / íþróttasvæði

## 7 Borgarhluti 3

### 7.1 Lýsing - skipulagslegar – forsendur

Deiliskipulag – skilmálar - heimildir

Borgarhluti 3 byggðist upp eftir skipulagi frá hinum ýmsu tínum. Mjög hátt hlutfall breytinga síðast liðinna áratuga hefur verið á grundvelli grenndarkyntra byggingarleyfisumsókna. M.a. m.t.t. þess er brýnt er að vinna deiliskipulag fyrir borgarhlutann.

### 7.2 Almennir skilmálar – tillaga

Sjá. 6.3.1

Hverfiseiningar, **innbyrðis aðgreind svæði í hverfi**, t.d. Norðurmýri og Rauðarárholt í Háteigshverfi (3.1). Í Hlíðahverfi (3.2) eru Hlíðar sunnan Miklubrautar, Stigahlíð og Suðurhlíðar. Hverfiseiningar skilgreinast af heildaryfirbragði og uppbyggingartíma s.s. Norðurmýri og Suðurhlíðar.

Skilmálar hverfiseininga munu skarast á mismunandi hátt þvert á hverfi, þ.e. sömu skipulagslegu/byggingartæknilegu/arkitektónísku skilmálar geta gilt fyrir hverfiseiningar/hluta sem eru í sitt hvoru hverfinu (og þess vegna öðrum borgarhlutum, s.s. Melum eða Teigum). T.d. mögulega fyrir Hlíðar norðan Miklubrautar og Hlíðar sunnan Miklubrautar annars vegar og Hjálmholt/Vatnsholt og Grænuhlíð/Stigahlíð eða Skógarhlíð og Skipholt hins vegar.

#### Skilmálar

Sett verða upp skilmálablöð fyrir hverja hverfiseiningu, eftir skilgreiningu, þar sem greint er stuttlega frá helstu séreinkennum hverfiseiningarinnar og síðan eru markmið og skipulagsákvæði sett fram í 18 liðum. Skipulagsmarkmiðin má síðan endurskoða reglulega t.d. í tengslum við aðalskipulagsendurskoðun. Í ákvæðunum er m.a. fjallað um yfibragð byggðar, þéttleika, leyfða landnotkun, húshæðir, akstursstefnur o.fl.

## 7.3 Dæmi um skilmálablað

### Efnisatriði - viðfangsefni

#### Einkenni hverfis/hverfiseiningar

Lýsa byggð gróft. Byggðarmynstur (verndunarákvæði).

#### Markmið

Tryggt verði að ný byggð falli vel að því umhverfi sem fyrir er í mælikvarða og í anda, á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er, en endurspegli þó þann tíma sem hús eru reist á.

#### Ákvæði í 18 liðum

- 1 Skilgreind landnoktun m.a. við aðalgötu/borgargötu og götuhæðir húsa
- 2 Nýtingarhlutfall
- 3 Húsgerð
- 4 Íbúðagerð og fjöldi (eldri samþykktir halda gildi sínu)
- 5 Byggingarreitur (sbr. byggingarreglugerð, nálægð að lóðamörkum o.fl.)
- 6 Hæðir húsa. Vegghæð og mænishæð.
- 7 Þakform, kvistir (frjálst, lágmarksþakkhalli, sbr. byggingarreglugerð o.p.h.)
- 8 Efnisnotkun (efnisval og efnisáferð)
- 9 Litaval
- 10 Götuqlið
- 11 Viðbyggingar, svalir, garðhýsi (staðsetning, dýpt o.p.h.),
- 12 Svalir á bílskúr
- 13 Útgangur úr kjallara/jarðhæð
- 14 Skjólveggir
- 15 Lóðarveggir - girðingar
- 16 Stakstæð smáhýsi (kofar, geymslur)
- 17 Bílageymslur, bílastæði
- 18 Viðgerðir, breytingar, viðbyggingar:  
Vandað skal sérstaklega til hönnunar breytinga og viðbygginga. Svip húsa verði sem minnst raskað, s.s. þaki og gluggagerðum. Upphaflega veggáferð haldist þar sem hún hefur varðveisit o.s.frv.

## 7.4 Sérskilmálar

### 7.4.1 Hverfiseining Aa (Norðurmýri)

Upphaflegt skipulag frá 1932(4). Norðurmýri, rammaskilmálar. R.1.24, des. 1987.

#### Helstu einkenni og markmið

Fastmótúð og heilsteptyt íbúðarbyggð og sú fyrsta sem byggð er upp samkvæmt skipulagi. Stakstæð hús, sambýlishús og randbyggð af svipaðri gerð og hæð; kjallari, tvær hæðir og ris. Hlutföll, þakform og yfirborðsáferð húsa áþeppk. Þökum hefur verið lyft og komið fyrir kvistum nokkuð víða á stakstæðu húsunum. Steyptir garðveggir umhverfis lóðir einkennandi.

#### Skipulagsákvæði í 18 liðum:

##### 1 Skilgreind landnoktun m.a. við aðalgötu/borgargötu og götuhæðir húsa

Íbúðarbyggð þar sem leyfð er þjónusta og starfsemi á götuhæðum til hagsbóta fyrir hverfið, sem fellur að aðalskipulagi, einkum við Rauðarárstíg, Snorrabraut, Njálsgötu, Flókagötu og Miklubraut, með áherslu á hornlóðir.

##### 2 Nýtingarhlutfall

Heimiluð er smávægileg aukning núverandi nýtingarhlutfalls vegna viðbygginga og hækkunar þaks.

##### 3 Húsgerð

Heimiluð eru einbýli og sambýlishús. Sérhæðir, fjörbýli, randbyggð.

##### 4 Íbúðagerð og fjöldi

Ekki er gert ráð fyrir fjölgun íbúða í Norðurmýri. Stækka má íbúðir með samtengingu við ris eða kjallara, þar sem aðstæður leyfa. Eldri samþykktir halda gildi sínu, en eru ekki fordæmisgefandi og stefnt skal að því að fækka kjallaraíbúðum.

##### 5 Byggingarreitur

Halda skal núgildandi byggingarlínu að götu, en byggja má útbyggingar, garðstofur og svalir þar sem upprunaleg hlutföll og efnisval húss eru virt. Nálægð að lóðamörkum samræmist ákvæðum byggingarreglugerðar.

##### 6 Hæðir húsa. Vegghæð og mænishæð

Vegghæð húsa haldist óbreytt. Hækkun á þaki er heimiluð sunnan Skeggjagötu, en haldist óbreytt norðan hennar. Hámarkshækken þaks yfir steypta plötu er 3.6 m.

##### 7 Þakform og kvistir

Virða skal upprunalegt þakform (valmabak) og er þakhalli leyfður allt að  $45^\circ$ . Portbygging er óheimil. Kvistum og svölum má koma fyrir í rishæð, enda upprunalegur byggingarstíll hússins virtur og ákvæði byggingarreglugerðar.

##### 8 Efnisnotkun (efnisval og efnisáferð)

Ytra byrði húsa skal vera skeljasandur eða (kvarts) steining. Þök séu klædd bárujári eða öðrum málmi.

##### 9 Litaval

Gráir litatónar verði ráðandi á húsum. Litaval á þökum er frjálst.

##### 10 Götuuhlið

Sérstaklega skal gaumgæfa allar breytingar og endurhönnun við götuhiðar húsa þar sem þær snúa að almennnngsrými. Gæta skal sérstaklega heildarsvips við aðalgötur og borgargötur.

### **11 Viðbyggingar, svalir, garðhýsi**

Sjá liði 5 og 16.

### **12 Svalir á bílskúr**

Heimilt er að setja handrið á bílskúrsþök, svo nýta megi þau til útivistar og koma fyrir tröppum af þeim sem og svölum í garð. Útlit handriðs falli að byggingarstíl húss.

### **13 Útgangur úr kjallara**

Heimilt er að grafa frá kjallara og koma fyrir útgangi (svalahurð) þar sem aðstæður leyfa.

### **14 Skjólveggir**

Skjólveggir, allt að 2,5 m háir eru leyfðir við útiaðstöðu í garði. Vanda skal til hönnunar og gæta að skuggavarpi sem af þeim hlýst.

### **15 Lóðarveggir – girðingar**

Halda skal í steypa garðveggi umhverfis lóðir við götur. Þar eru trégröringar ekki heimilar.

### **16 Stakstæð smáhýsi (garðstofur, kofar, geymslur)**

Stakstæð garðhýsi og smákofar minni en 10 fm eru heimiluð, enda séu þau ekki nær lóðamörkum en 3m.

### **17 Bílskúrar, bílastæði**

Bílskúrar eru leyfðir (samkvæmt mæliblaði). Þak skal vera flatt (lágmarkshalli skv. byggingarreglugerð) og þeir geta verið aðgengilegir skv. lið 12.

### **18 Viðgerðir, breytingar, viðbyggingar**

Vandað skal sérstaklega til hönnunar breytinga og viðbygginga. Svip húsa verði sem minnst raskað, s.s. þakfrágangi, gluggagerðum, upphaflegri veggáferð og steinveggjum.

#### **7.4.2 Hverfiseining Ab (Rauðarárholt)**

Upphaflegt skipulag frá 1939 og 1947(8). Rauðarárholt – Byggingarfélag Reykjavíkur.

##### **Helstu einkenni og markmið**

Fastmótuð og heilsteypt íbúðarbyggð. Húsasamstæður, fjórþýlishús, 2 – 2 1/2hæð með skeljasands- eða steinmulningsáferð.

**Skipulagsákvæði í 18 liðum:**

#### **7.4.3 Hverfiseining Ad (Hlíðar)**

Hlíðar norðan Miklubrautar. Skipulag frá 1946 framkvæmt að hluta

##### **Helstu einkenni og markmið**

Fastmótuð og heilsteypt íbúðarbyggð. Stakstæð 2ja til 4ja hæða tví- til fjórþýlishús, og 4 – 5 hæða fjölbýlishús. Fjölbreytt fjölbýlishús (Sjá skilmálar A2). Skeljasands- og steinmulningsáferð ásamt máluðum múrhúðuðum húsum. Fjölbreytt þakform.

**Skipulagsákvæði í 18 liðum:**

#### 7.4.4 **Hverfiseining Ae (Nóatún/Skipholt)**

Svæði austan Nóatúns og sunnan Skipholts. Byggt í kringum 1960.

##### **Helstu einkenni og markmið**

Fastmótluð og heilsteyp íbúðarbyggð. Stakstæð þriggja hæða sérhæðahús og samþyggð fjörþýlishús. Skeljasands- og steinmulningsáferð ásamt máluðum múrhúðuðum húsum. Fjölbreytt þakform.

**Skipulagsákvæði í 18 liðum:**

#### 7.4.5 **Hverfiseining Ba (Hjálmholt/Vatnsholt)**

Svæði austan Nóatúns og sunnan Skipholts. Byggt í kringum 1960.

##### **Helstu einkenni og markmið**

Fastmótluð og heilsteyp íbúðarbyggð. Stakstæð tveggja til fjögurra hæða ein-, tví og sambýlishús. Máluð múrhúðuð hús ráðandi. Flöt þök og skáhalla, ráðandi þakform.

**Skipulagsákvæði í 18 liðum:**

#### 7.4.6 **Hverfiseining Ca, B og C (Rauðarárstígur/Pverholt)**

Svæði sem byggðust upp eftir nákvæmum skilmálum sem enn eru í gildi. Vangaveltur um þörf á nýrri skilmálagerð.

##### **Helstu einkenni og markmið**

Fastmótluð og heilsteyp byggð.

**Skipulagsákvæði í 18 liðum:**

#### 7.4.7 **Hverfiseining Dc (Skipholt/Laugavegur)**

Athafnasvæði milli Laugavegar og Skipholts sem byggðust upp samkvæmt skipulagi á árunum 1950 og fram til dagsins í dag. Byggðin hefur breyst úr iðnaðar- og vörugeymslusvæði í miðbæjar – og íbúðarsvæði

##### **Helstu einkenni og markmið**

Nokkuð fastmótluð byggð teygir sig til austurs Laugaveginn frá Hlemmi. Atvinnubyggð, stofnanir og íbúðarbyggð fléttast saman. Randþyggð 3ja til 5 hæða húsa og stórgerð stakstæð hús inn á milli. Máluð múrhúðuð hús ráðandi. Flöt þök og skáhalla, ráðandi þakform.

**Skipulagsákvæði í 18 liðum:**

Skipulagsákvæði taki mið af deiliskipulagi fyrir Skipholts/Brautarholtsreitrit sem er í samræmi við stefnumörkun í rammahluta aðalskipulags um þróunarás meðfram Laugavegi og færir þar með svæðið undir blandaða miðbæjarbyggð með íbúðum á efri hæðum sem styrkir ásinn og borgarhluta 3.